# Listasafn Árnesinga

## Ársreikningur 2022

Listasafn Árnesinga
Austurmörk 21
810 Hveragerði

kt. 511076-0729

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun stjórnar og safnstjóra ........................................ | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda ........................................ | 4 |
| Rekstrarreikningur........................................ | 6 |
| Efnahagsreikningur........................................ | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit........................................ | 8 |
| Skýringar........................................ | 9 |

# Áritun stjórnar og safnstjóra

Listasafn Árnesinga í Hveragerði er alhliða menningarstofnun í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna í Árnessýslu. Listasafn Árnesinga hefur staðið fyrir metnaðarfullum sýningum á verkum innlendra og erlendra listamanna auk safnafræðslu, námskeiða og hvers kyns uppákoma.

Hjá safninu voru þrír fastráðnir starfsmenn á árinu 2022. Launagreiðslur námu samtals 24,8 millj. kr. þar af námu laun safnstjóra 12,4 millj. kr. Ennfremur voru greidd stjórnarlaun að fjárhæð 196 þús. kr. Til viðbótar kaupir safnið vinnu t.d. við gerð og uppsetningu sýninga og annarra viðburða.

Rekstrarniðurstaða safnsins var jákvæð á árinu að fjárhæð 3,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé safnsins nam í árslok 5,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er í skýringu nr. 4 varðandi ráðstöfun rekstrarniðurstöðu.

Á árinu hlaut safnið sjö listaverk að gjöf frá Íslandsbanka. Safnstjóri metur að verðmæti gjafarinnar sé um 10,0 millj. kr.

Stjórn Listasafns Árnesinga staðfestir hér með ársreikning safnsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Hveragerði, 17. mars 2023

Stjórn:

Safnstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Listasafns Árnesinga

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Listasafns Árnesinga fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Listasafns Árnesinga 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð safninu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn og safnstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og safnstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi Listasafns Árnesinga og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa Listasafn Árnesinga upp eða hætta starfsemi safnsins, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og safnstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits safnsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og safnstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Listasafns Árnesinga. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert Listasafn Árnesinga órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hveragerði, 17. mars 2023

***KPMG ehf.***

Hrafnhildur Helgadóttir

# Rekstrarreikningur árið 2022

| | Skýr. | 2022 | Fjárhagsáætlun 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Héraðsnefnd Árnesinga, framlag | | 47.000.000 | 47.000.000 | 42.000.000 |
| Hveragerðisbær, þjónustusamningur | | 5.327.000 | 5.220.000 | 5.060.000 |
| Styrkir, Safnaráð ofl. | | 10.250.000 | 13.000.000 | 8.450.000 |
| Verkefnastyrkir til sérverkefna | | 7.656.500 | 0 | 2.335.000 |
| Sala kaffiteríu | | 838.394 | 0 | 910.145 |
| Sala safnabúðar | | 3.409.862 | 0 | 2.650.885 |
| Aðrar tekjur | | 487.721 | 0 | 126.740 |
| | | 74.969.477 | 65.220.000 | 61.532.770 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 31.292.720 | 31.000.000 | 27.598.986 |
| Rekstur húsnæðis | 7 | 5.578.969 | 11.800.000 | 8.850.624 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 30.576.654 | 17.660.000 | 29.325.207 |
| Afskriftir | 3 | 1.641.568 | 1.460.000 | 1.641.568 |
| | | 69.089.911 | 61.920.000 | 67.416.385 |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 5.879.566 | 3.300.000 | ( 5.883.615) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 12.248 | | 863 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 2.225.410) | ( 1.200.000) | ( 1.458.176) |
| | | ( 2.213.162) | ( 1.200.000) | ( 1.457.313) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | 3.666.404 | 2.100.000 | ( 7.340.928) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fasteign | 3 | 21.658.542 | 23.300.110 |
| Listaverk | 3 | 8.000.000 | 8.000.000 |
| Fyrirframgreiðsla | 10 | 2.060.149 | 2.153.677 |
| Fastafjármunir samtals | | 31.718.691 | 33.453.787 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | 9 | 1.034.296 | 543.983 |
| Fyrirframgreiðsla | 10 | 93.528 | 93.528 |
| Handbært fé | | 94.365 | 95.372 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.222.189 | 732.883 |
| **Eignir samtals** | | 32.940.880 | 34.186.670 |

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 4 | 5.193.619 | 1.527.215 |
| Eigið fé samtals | | 5.193.619 | 1.527.215 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímalán | 5 | 16.415.082 | 16.176.953 |
| Skuld vegna listaverks | 5 | 0 | 2.000.000 |
| | | 16.415.082 | 18.176.953 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Næsta árs afborgun langtímalána | 5 | 1.272.305 | 1.123.913 |
| Næsta árs afborgun vegna láns tengt kaupum á listaverki | 5 | 2.000.000 | 2.000.000 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 1.041.630 | 0 |
| Fyrirframgreiddir styrkir | | 2.100.000 | 3.050.000 |
| Ógreiddur kostnaður | | 4.918.244 | 7.808.589 |
| Skuldir við tengda aðila | | 0 | 500.000 |
| | | 11.332.179 | 14.482.502 |
| Skuldir samtals | | 27.747.261 | 32.659.455 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 32.940.880 | 34.186.670 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 4 | 3.666.404 | ( 7.340.928) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 3 | 1.641.568 | 1.641.568 |
| Verðbætur | | 1.568.788 | 821.253 |
| Veltufé frá (til) reksturs | | 6.876.760 | ( 4.878.107) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Langtímakröfur, lækkun | | 93.528 | 93.528 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 490.313) | 758.879 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 3.840.345) | 6.509.074 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 4.237.130) | 7.361.481 |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.639.630 | 2.483.374 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 1.041.630 | 0 |
| Skuldir við tengda aðila, breyting | | ( 500.000) | 500.000 |
| Afborganir vegna listaverks | | ( 2.000.000) | ( 2.000.000) |
| Afborganir langtímalána | | ( 1.182.267) | ( 1.057.311) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 2.640.637) | ( 2.557.311) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 1.007) | ( 73.937) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 95.372 | 169.309 |
| **Handbært fé í árslok** | | 94.365 | 95.372 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**b.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

**c.** Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2022 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

## 2. Fyrirframgreiðsla til Brúar

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

## 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteign | Listaverk | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2022 | 52.302.508 | 8.000.000 | 60.302.508 |
| Heildarverð 31.12.2022 | 52.302.508 | 8.000.000 | 60.302.508 |
| | | | |
| Afskrifað í ársbyrjun | 29.002.398 | 0 | 29.002.398 |
| Afskrifað á árinu | 1.641.568 | 0 | 1.641.568 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022 | 30.643.966 | 0 | 30.643.966 |
| | | | |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 21.658.542 | 8.000.000 | 29.658.542 |
| | | | |
| Afskriftarhlutföll | 3 - 5% | | |

| | Eignarhluti | Fasteignamat | Brunabótamat |
|---|---|---|---|
| Austurmörk 21, Hveragerði | 100% | 186.150.000 | 386.850.000 |

## 4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2022 | 1.527.215 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 3.666.404 |
| Staða 31.12.2022 | 5.193.619 |

## 5. Langtímaskuldir

| | 31.12.2022 |
|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt lán, vextir 2,57 - 3,8% | 17.687.387 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.272.305) |
| | 16.415.082 |

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2023 | 1.272.305 |
| Árið 2024 | 1.317.333 |
| Árið 2025 | 1.363.990 |
| Árið 2026 | 1.412.338 |
| Árið 2027 | 1.462.433 |
| Síðar | 10.858.988 |
| | 17.687.387 |

Á árinu 2019 gerði Listasafnið samkomulag við Brynhildi Þorgeirsdóttur um kaup á listaverkinu Árnesingi. Ásett söluverð var 13 millj. kr. og gaf listamaðurinn safninu hlut að verðmæti 5 millj. kr. Eftirstöðvarnar 8 millj. kr. greiðast á fjórum árum, 2 millj. kr. í senn. Listaverkið var eignfært hjá Listasafninu árið 2019 og fært til skuldar og sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Skuld við Brynhildi Þorgeirsdóttur | 2.000.000 |
| Næsta árs afborganir | ( 2.000.000) |
| | 0 |

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2023 | 2.000.000 |
| | 2.000.000 |

| | 2022 | Fjárhagsáætlun 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **6. Laun og launatengd gjöld** | | | |
| Laun | 24.640.194 | | 21.216.121 |
| Laun stjórnar | 195.960 | | 130.640 |
| Launatengd gjöld | 5.615.904 | | 4.779.557 |
| Breyting á áföllnu orlofi | ( 52.018) | | 562.720 |
| Akstur | 892.680 | | 909.948 |
| | 31.292.720 | 31.000.000 | 27.598.986 |
| **7. Rekstur húsnæðis** | | | |
| Rafmagn og hiti | 1.600.743 | 1.100.000 | 1.316.770 |
| Fasteignagjöld og tryggingar | 710.610 | 1.300.000 | 739.359 |
| Öryggisgæsla | 321.134 | 500.000 | 306.912 |
| Viðhald og endurbætur | 1.504.113 | 8.000.000 | 3.563.502 |
| Sorphirða, ræsting og umhirða lóðar | 506.544 | 600.000 | 1.296.099 |
| Gjaldfærsla og viðhald áhalda og tækja | 935.825 | 300.000 | 1.627.982 |
| | 5.578.969 | 11.800.000 | 8.850.624 |

# Skýringar, frh.:

| | | 2022 | Fjárhagsáætlun 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| **8.** | **Annar rekstrarkostnaður** | | | |
| | Kostnaður vegna sýninga | 18.682.635 | 12.000.000 | 20.304.487 |
| | Aðkeyptur flutningur | 347.577 | | 534.998 |
| | Tryggingar vegna sýninga | 228.570 | | 194.756 |
| | Námskeiðs- og ferðakostnaður | 450.018 | 500.000 | 248.505 |
| | Auglýsingar og kynningarefni | 4.186.948 | 1.300.000 | 1.976.682 |
| | Ritföng, bækur og áhöld | 239.303 | 300.000 | 323.611 |
| | Sími og burðargjöld | 842.537 | 1.360.000 | 568.159 |
| | Tryggingar lausafjár | 39.483 | | 38.341 |
| | Bókhaldsþjónusta, endurskoðun og uppgjör | 1.321.480 | 800.000 | 1.019.388 |
| | Félagsgjöld | 352.470 | | 353.000 |
| | Ráðstefna, fundir og risna | 1.020.579 | | 560.714 |
| | Tölvukostnaður | 260.137 | | 833.336 |
| | Leyfis og eftirlitsgjöld | 0 | | 39.375 |
| | Posaleiga | 52.261 | | 59.377 |
| | Hráefniskostnaður kaffiteríu | 207.393 | 1.100.000 | 339.181 |
| | Vörur til endursölu | 1.487.548 | | 1.075.479 |
| | Afnotagjöld af búnaði | 393.407 | | 314.114 |
| | Hreinlætisvörur | 138.264 | | 224.307 |
| | Annar kostnaður | 326.044 | 300.000 | 317.397 |
| | | 30.576.654 | 17.660.000 | 29.325.207 |

| | | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **9.** | **Skammtímakröfur** | | |
| | Endurkræfur virðisaukaskattur | 317.155 | 244.653 |
| | Fyrirframgreiddur kostnaður | 180.911 | 0 |
| | Aðrar kröfur | 536.230 | 299.330 |
| | | 1.034.296 | 543.983 |

## 10. Önnur mál

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2023 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

| Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu: | **2022** |
|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 2.247.205 |
| Gjaldfært á árinu | ( 93.528) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 2.153.677 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 93.528 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 2.060.149 |
| Samtals í efnahagsreikningi | 2.153.677 |

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

| | |
|---|---|
| Framlag í lífeyrisaukasjóð | 1.966.322 |
| Framlag í varúðarsjóð | 187.355 |
| | 2.153.677 |

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá bókfært verð fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs.